

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar lóð er lögð til er það rafveitunni að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 588/1983 um breytingu á gjaldskrám rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 580 30. júní 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## **GJALDSKRÁ**

### **Rafveitu Keflavíkur.**

#### **I. RAFORKA.**

Rafveita Keflavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

##### **A. Lýsing.**

- 1.1 Um kWh-mæli á 18,80 kr. hver kWh.
- 1.2 Um kWh-mæli á 7,78 kr. hver kWh, auk fastagjalds, er nemi kr. 80,50 á ári af hverri einingu gólfplatlar í rúmi því, sem lýsa skal. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur skal reikna 1 fermetra í hverri einingu, en fyrir geymslur og ganga 3 fermetra.

#### **B. Almenn heimilisnotkun.**

- 2.1 Um kWh-mæli á 4,77 kr. hver kWh.

#### **C. Vélanotkun.**

- 3.1 Um kWh-mæli á 10,50 kr. hver kWh. Hafi vélarnir mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds 1 880,00 kr. á hvert uppsett kW vélanna.
- 3.2 Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum 4,31 kr. hver kWh.
- 3.3 Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kW:
  - a. Um kWh-mæli á 3,00 kr. hver kWh, enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilsettum tíma.

- b. Um tvígjaldsmæli á 18,00 kr. hver kWh í 1½ klst. tvisvar sinnum á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst. í senn, en 3,34 kr. hver kWh utan þess tíma.
- 3.4 Um mæli á 3 870,00 kr. fyrir hvert kW mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalág og auk þess 2,06 kr. á notaða kWh.
- 3.5 Ef ekki eru tók á að mæla mesta notaða afl má selja þannig:  
Um mæli á 2 530,00 kr. fyrir hvert uppsett kW vélanna og auk þess 2,06 kr. á notaða kWh. Ef fasviksstuðull er lægri en 0,85 getur rafveitan krafist af notanda að hann sé hækkadur upp í það gildi.

#### D. Hitun.

- 4.1 Um kWh-mæli á 1,96 kr. hver kWh, án rofs.
- 4.2 Um kWh-mæli á 1,04 kr hver kWh, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
- 4.3 Um kWh-mæli á 0,49 kr. hver kWh, í 9 klst. á tímanum frá kl. 22.00 til 08.00.

#### Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar.

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Rafveitan leggur til álagsstýringarrofa og annast viðhald þeirra. Kostar notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum sem gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir, með sérstökum rofum og hitastillir notaður.

#### E. Önnur raforkusala.

- 5.1 Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða, á 5,63 kr. hver kWh, enda sé notkunin mæld um sér mæli og suðutæki fasttengd.
- 5.2 Til nota fyrir vinnuljósagnir meðan á byggingu stendur, um kWh-mæli á 9,58 kr. hver kWh.
- 5.3 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWh-mæli á 1,37 kr. hver kWh á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og 4,31 kr. hver kWh frá kl. 8.30 til kl. 22.
- 5.4 Til gatnalýsingar á 4,31 kr. hver kWh.
- 5.5 Um kWh-mæli 8,47 kr. hver kWh fyrir lýsingu án fastagjalds og/eða aflgjalds véla-notkunar.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra straumfrekra tækja, sem valda truflunum og/eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

#### F. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. ....	kr. 26,90 pr. mán.
2. Af þrífasa mælum upp að 50 amp. ....	kr. 34,40 —
3. Af þrífasa mælum 50 til 200 amp. ....	kr. 80,50 —
4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp. ....	kr. 123,00 —
5. Af álagsstýringarliðum .....	kr. 123,00 —

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi endurophuð fyrir en notandinn hefur greitt kr. 603,00 á skrifstofu rafveitunnar. Ef lokað er fyrir veitu vegna vanskila, skal greiða á skrifstofu rafveitunnar, gjald fyrir enduropunun kr. 480,00.

## II. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Keflavíkur. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

### Aðalheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/ málraun	Heimtaugargj. kr.	Jarðstr. kr./m	Loftlína kr./stólpa
63 A 1-fasa .....	29 900,00	719,00	9 450,00
63 A 3-fasa .....	32 400,00	866,00	11 800,00
100 A 3-fasa .....	38 500,00	982,00	14 900,00
200 A 3-fasa .....	62 000,00	Samkv. kostn.	
315 A 3-fasa .....	130 000,00	—	
300 kVA 3-fasa .....	180 000,00	—	
500 kVA 3-fasa .....	304 000,00	—	
800 kVA 3-fasa .....	480 000,00	—	

### Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur	Stofngjald	Jarðstrengur	Lengdargjald <sup>1)</sup> )	Loftlína
63 A 1-fasa .....	5 320,00	Sama og aðalheimtaugar		
63 A 3-fasa .....	7 460,00	Sama og aðalheimtaugar		
100 A 3-fasa .....	7 900,00	Sama og aðalheimtaugar		

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málstraum spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnaði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar lóð er lögð til er það rafveitunni að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnaði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta úttingiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Sjá eigandi húsveitu um lög frá úttingiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiði hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 588/1983 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 581 30. júní 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1983.*

F. h. r.  
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## **GJALDSKRÁ**

### **Rafveitu Njarðvíkur.**

#### **RAFORKA:**

Rafveita Njarðvíkur selur raforku á þann hátt og með því móti sem hér segir:

#### **1. Lýsing.**

1. Um kWh-mæli á kr. 18,80 hver kWh.
2. Um kWh-mæli á kr. 7,76 hver kWh auk fastagjalds er nemi kr. 82,40 á ári af hverjum fermetra gólfplatá í því rúmi er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í verslunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 27,50 af fermetra á ári.

#### **2. Almenn heimilisnotkun.**

1. Um kWh-mæli á kr. 4,77 hver kWh.

#### **3. Vélanotkun.**

1. Um kWh-mæli á kr. 10,50 hver kWh. Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 5 180,00 á hvert uppsett kW vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum kr. 8,40 hver kWh.
4. Um mæli á kr. 5 180,00 fyrir hvert kW mest notaðs afls á árinu mælt sem 15 mín. meðaláláag og auk þess kr. 1,52 á notaða kWh. Gjald vegna ljósanotkunar kr. 76,70 á hvern fermetra í vinnustofum, kaffistofum o. þ. h., en kr. 27,30 á hvern fermetra í vörugeymslum og kr. 45,20 annars staðar.

#### **4. Hitun.**

1. Um kWh-mæli á kr. 1,10 hver kWh, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álágs rafveitunnar, um hádegið og síðdegis en þó eigi lengur en í 1½ klst. í senn.
2. Um kWh-mæli á kr. 0,54 hver kWh, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 7.
3. Um kWh-mæli á kr. 1,93 hver kWh án rofs.